FÉLAG SJÚKRAÞJÁLFARA

## Fundargerð: Stjórnarfundur Félags sjúkraþjálfara

*Dagsetning 17.02.2026 (15:00 – 17:00)*

*Fundarmenn: Gunnlaugur Már Briem, Þóra Björg Sigurþórsdóttir (fundarritari), Hildur Sólveig Sigurðardóttir (Teams), Kári Árnason og Guðný Björg Björnsdóttir*

*Fundarefni:*

1. *Aðalfundur FS*
    a. *Lausar stöður stjórn og kjaranefnd*
2. *Sjúkraþjálfarinn – skoðun á þjónustuaðilum*
3. *Dagur sjúkraþjálfunar*
    a. *Staða undirbúnings*
    b. *Önnur mál*
4. *Lög um sjúkratryggingar - Velferðarnefnd*
5. *Upplýsingafundur félagsfólks*
6. *Staða kjaraviðræðna sjálfstætt starfandi og launþega*
7. *Upplýsingafundur félagsfólks*
8. *Erlent samstarf – fundir og málefni*

### 1. *Aðalfundur FS*

*Tölvupóstur verður sendur út í vikunni til upplýsinga um framboðsfrest til formennsku sem og aðrar stöður í stjórn og nefndum fyrir félagið. Rætt um uppfærslu á starfsreglum því tengdu.*
*Farið yfir tillögur að breytingum á lögum félagsins. Stjórn kemur tillögum áleiðis til formanns.*
*Umræða um nefndir og virkni þeirra. Rætt um tækifæri stjórnar til að virkja mismunandi nefndir.*

### 2. *Sjúkraþjálfarinn*

*Til skoðunar að endurskoða samstarfsamning við Litróf.*
*Búið að fá tilboð frá öðrum útgáfum. Verið að skoða aðrar forsendur. Þessi endurskoðun varðar haustblað 2026.*

### 3. *Dagur sjúkraþjálfunar*

*Hugmyndir sem komu upp í samtali: áhersla á offitu, bráðamóttöku, er hægt að hafa vinnustofur sem svipar til stefnumótunar.*
*Komum ráðstefnuþjónusta – unnið að praktískum úrlausnum í tengslum við veitingar og þjónustuaðila.*
*Kári gjaldkerfi FS stígur inn í skipulagningu dagsins með Guðnýju varaformanni FS.*
*Lella kemur einnig að skipulagningu dagsins og hugmyndir um að hún sinni verkefnastjórn dagsins. Stjórn leggur til ákveðið form á endurnýjun nefndar til að tryggja þekkingu og reynslu innan nefndar.*

4. ***Lög um sjúkratryggingar - Velferðarnefnd***
   *Stjórn fékk upplýsingar um fund sem fulltrúar úr stjórn sátu með Velferðarnefnd vegna laga um sjúkratryggingu.*
   *Umsögn félagsins er varðar lög um sjúkratryggingu verður fylgt eftir inn í Velferðarnefnd.*

5. ***Upplýsingafundur félagsfólks***
   *Opinn upplýsingafundur verður haldinn þann 17.02.26 kl. 17:30 fyrir félagsfólk í Borgartúni 27 er varðar fyrirliggjandi frumvarp um breytingar á lögum um sjúkratryggingar sem og um umfang veittrar þjónustu skv. Samningi FS og SÍ í samræmi við heildar umsamið einingamagn.*

6. ***Umsagnir***
   *Félag sjúkraþjálfara sendi inn umsögn varðandi stefnu varðandi áfengis og vímuefna áætlun.*

7. ***Erlent samstarf***
   *Formaður mun sækja aðalfund evrópudeildar WCPT í Kósavó 13.-15. maí*
   *Formaður, meðstjórnandi og starfsmaður félags sækja norrænan fund í Danmörku 22.-24. Apríl*

8. ***SIGL málefni***
   *Aðalfundur SIGL var haldinn þann 17.02.26.*
   *Til umræðu voru forsendur fyrir auknu samstarfi við önnur félög.*

9. ***Ferð til Norðurlandsdeildar 25. mars***
   *Formaður áætlar að vera á aðalfundi Norðurlandsdeildar 25. mars og heimsækja starfsstöðvar.*

10. ***Önnur mál***